



18. Ársþing KAÍ  
17. mars 2005

## EFNISYFIRLIT

FRÁ FORMANNI .....	2
Norðurlandamótið.....	2
Kata gerir það gott.....	3
Stelpurnar okkar í sérflokk í Crystal Palace .....	3
Á æfingu með danska landsliðinu .....	4
Góður árangur á Bohemia Cup í Prag .....	5
Edda og Jonni á HM í Mexíkó .....	5
KARATEFÓLK ÁRSINS 2004.....	6
Þakkir .....	7
Nefndir .....	8
Aganefnd: .....	8
Dómaranefnd: .....	8
Landsliðsnefnd: .....	8
Mótanefnd: .....	8
AÐILDARFÉLÖG KAÍ .....	9
MÓT ÁRIÐ 2004.....	11
Meistaramót barna í Kata 2004.....	11
Unglingameistaramót í Kata 2004.....	13
Íslandsmeistaramót í Kata 2004 .....	14
Unglingameistaramót í Kumite 2004 .....	15
Íslandsmeistaramótið í kumite 2004.....	17
Bikarkeppnin 2003-2004 .....	18
KARATEMAÐUR ÁRSINS.....	19
LÖG KARATESAMBANDS ÍSLANDS .....	20
REKSTRAR- OG EFNAHAGSREIKNINGUR .....	23

### Stjórn KAÍ

Ólafur Wallevik, formaður  
Halldór Svavarsson, varaformaður  
Indriði Jónsson, gjaldkeri  
Reinharð Reinharðsson, ritari  
Gunnlaugur Sigurðsson, meðstjórnandi

Perla Thorsteinson, varamaður  
Guðmundur H. Pétursson, varamaður  
Jón Ingi Þorvaldsson, varamaður

## FRÁ FORMANNI

Karate er orðin rótgróin íþrótt (BUDO) á Íslandi. Nú, árið 2005, eru liðin 20 ár síðan Karatesamband Íslands varð sérsamband í ÍSÍ. Seinast ár varð Karatefélag Reykjavíkur 30 ára og í ár er Karatefélagið Þórshamar 25 ára. Breiðablik er um 20 ára. Undirritaður man jafnvel eftir fyrsta svokallaða Íslandsmótinu sem haldið var árið 1976 í fullsetinni Laugardalshöll. Þar sýndu meðal annars sensei Tanaka ásamt sensei Bura stórkostleg sýningaratriði sem seint munu gleymast. Mikilvægt er að gleyma ekki sýningaratriðum því þau verða að spila stórt hlutverk á karatemótum.



Karl Gauti, frumkvöðull í íslensku Karate lífi og formaður KAÍ til margra ára, var heiðraður á 25 ára afmæli Þórshamars.

En þó íþróttin sé orðin rótgróin og fjölmenn (nálægt miðju aðildarfélagi ÍSÍ) er karate vart sýnilegt í umfjöllun fjölmiðla. Mikil vinna liggur bak við hverja fjölmiðlaumfjöllun og íþróttin er varla til hjá t.d. ÍTR. Þessu þarf að breyta, Breiðablik hefur náð ákveðnum árangri hvað þetta varðar og getum við hin lært af því.

### Norðurlandamótið

Eftir 6 ára hlé á Norðurlandamótum, en seinasta Norðurlandamót var haldið hér á landi 1999, hefjast þau nú aftur. Síðasta haust var tekin sameiginleg ákvörðun norðurlanda um að næsta mót yrði haldið í Finnlandi haustið 2005.

Þegar Norðurlandamót voru haldin reglulega og norræn samvinna í blóma voru karatemenn Norðurlanda meðal bestu þjóða heims. Á síðustu árum hafa Norðurlöndin verið frekar lítið í sviðsljósinu en nú er vonast eftir að aukin samvinna setji kraft í liðin. Bæði Evrópumeistaramótið og Heimsmeistaramótið verða haldin á Norðurlöndum næstu tvö árin.



Allan

Busk

## Kata gerir það gott

Karatesamband Íslands sendi helgina 27. - 28. mars 9 manna hóp á hið árlega kata mót "Swedish Kata Trophy" eða "Kata Pokalen" eins og það er kallað í Svíþjóð. Hópurinn var undir leiðsögn Ásmundar Ísaks Jónssonar sem hafði þjálfað hópinn fyrir ferðina. Það er skemmst frá því að segja að hópurinn náði frábærum árangri eða 7 verðlaunasætum en eftirfarandi unnu til verðlauna:

- Ø Vilhjámur Svan Vilhjálmsson: Brons í flokki svartbeltinga karla.
- Ø Ásmundur Ísak Jónsson: Gull í flokki 35-39 ára karla.
- Ø Sólveig Sigurðardóttir: Brons í flokki 18-20 ára svartbeltinga kvenna.
- Ø Auður Olga Skúladóttir: Brons í flokki 18-20 ára svartbeltinga kvenna.
- Ø María Helga Guðmundsdóttir: Gull í flokki 15 ára stúlkna
- Ø Andri Bjartur Jakobsson: Brons í flokki 15 ára drengja
- Ø Guðbjartur Ísak Ásgeirsson: Brons í flokki 14 ára drengja



Einnig fóru þeir Daníel Pétur Axelsson og Jón Ingi Þorvaldsson með hópnum. Þetta er stærsti hópur sem KAÍ hefur sent á erlent mót í mörg ár en undanfarin ár hafa mest verið sendir fjórir keppendur á erlend stórmót. Við óskum þeim til hamingju með árangurinn!

Daginn fyrir mótið tók hópurinn þátt í eins dags æfingabúðum með Sensei Yoshimi Innue (8.dan Shito Ryu) og Sensei Katuhiro Tsuyama (8.dan Shotokan) en meginviðfangsefnið var shitei kata eða staðlaðar kata, tvær úr hverjum stíl, sem skylda er að nota í fyrstu umferðum á kata mótum skv. reglum WKF. Þess má geta að Sensei Tsuyama er formaður tækninefndar WKF

Til hamingju Ísak og hinir með árangurinn!

## Stelpurnar okkar í sérflokki í Crystal Palace

Unglingalandslið okkar í karate tók þátt í Opna breska unglíngamótinu sem fram fór í Crystal Palace. Liðið var skipað þeim Sólveigu Sigurðardóttur og Ingibjörgu Helgu Arnþórsdóttur úr Þórshamri, Andra Sveinssyni úr Fylki, Gunnari Nelson úr KFR og Alvin Zogu og Diego Birni Valencia úr Víkingi. Þau náðu góðum árangri á mótinu en heildarfjöldi keppenda á mótinu var hátt á annað þúsund.

Stelpurnar tóku þátt í liðakeppni 16-20 ára og fengu þar til liðs við sig dönsku landsliðsstúlkuna Mathilde Klint, en hún er ein af þeim sem komu hingað í heimsókn í janúar í fyrra þegar danska landsliðið atti kappi við það íslenska. Stelpurnar byrjuðu á því að slá út breskt félaglið og áttu síðan í höggi við mjög sterkt belgískt lið í undanúrslitum sem þær unnu sannfærandi sigur á. Í úrslitum töpuðu þær síðan naumlega fyrir bresku liði, Western Karate Union.



Sólveig Sigurðardóttir keppti í -60 kg. flokki juniora, eða 18-20 ára unglunga. Þar mætti hún hinni dönsku Mathilde Klint í fyrstu viðureign sinni og vann hana með yfirburðum. Í undanúrslitum tapaði hún naumlega fyrir breskri stúlku sem síðan vann flokkinn. Sólveig keppti síðan um 3ja sætið og valtaði yfir andstæðing sinn þar með átta stiga mun og tryggði sér bronzverðlaun í sínum flokki.

Andri Sveinsson vann fyrstu viðureignina í sínum flokki, -75 kg. flokki juniora, en tapaði naumlega í annarri umferð, 0-1. Strákarnir tefldu síðan fram liði í liðakeppni 16-20 ára. Þeir stóðu sig ágætlega þar og töpuðu mjög naumlega 2-3 í fyrstu umferð. Jón Ingi Þorvaldsson, landsliðsmaður til margra ára, var með í för sem þjálfari og fararstjóri.

### Á æfingu með danska landsliðinu

Landslið Íslands í Karate fór eina helgi árið 2004 í æfingaferð til Álaborgar en Allan Busk landsliðsþjálfari okkar er búsettur þar ásamt stórum hluta danska landsliðsins.



Í ferðina fóru allir meðlimir landsliðs og unglungalandsliðs okkar í kumite. Okkar fólk í landsliði fullorðinna eru þau Edda Blöndal og Jón Ingi Þorvaldsson, í unglungalandsliðinu eru síðan Sólveig Sigurðardóttir og Ingibjörg Arnþórsdóttir.



## Góður árangur á Bohemia Cup í Prag

Landslið Íslands í Karate átti þrjá keppendur á alþjóðlega mótinu Bohemia Cup í Prag í Tékklandi. Það voru þau Edda Blöndal, Sólveig Sigurðardóttir og Jón Ingi Þorvaldsson, öll úr Karatefélaginu Þórshamri. Edda og Sólveig kepptu í +60 kg. flokki og opnum flokki kvenna og Jón Ingi keppti í -75 kg. flokki og opnum flokki karla. Sólveig og Edda deildu þriðja sætinu í opnum flokki kvenna og Jón Ingi vann einnig til bronzverðlauna í opnum flokki karla.



Bæði Sólveig og Jón Ingi kepptu síðan einnig um þriðja sætið í sínum þyngdarflokkum en misstu bæði naumlega af verðlaunasæti þar. Að auki keppti Edda með liði Svía í liðakeppni og lentu þær í þriðja sæti og Jón Ingi keppti með liði Dana sem komst í úrslit og tóku þeir með sér silfurverðlaun úr liðakeppninni.

## Edda og Jonni á HM í Mexíkó

Heimsmeistaramótið í Karate sem haldið er á tveggja ára fresti fór fram í Monterrey í Mexíkó. Íslenska landsliðið átti tvo keppendur á mótinu, þau Edda Blöndal og Jón Inga Þorvaldsson, bæði úr Karatefélaginu Þórshamri. Mótið stóð í fjóra daga og laukur á sunnudagskvöld.



Á fimmtudag og föstudag fór fram keppni í kata og liðkeppni í bæði kumite og kata. Á laugardag kepptu Edda og Jonni í opnum flokkum í kumite. Á sunnudag keppti Edda síðan í +60 kg. flokki og Jonni í -75kg. flokki í kumite.

Með þeim í för var Lotta Berger, þjálfari sænska kvennalandsliðsins, en hún hafði heimsótt okkur og þjálfaði kumite-lið okkar síðustu dagana fyrir Íslandsmótið í kumite. Lotta aðstoðaði þau bæði mikið við undirbúning fyrir mótið og var á hliðarlínunni hjá þeim í keppninni, en þess má geta að Allan Busk, landsliðsþjálfari okkar, var einnig meðal keppenda.

## KARATEFÓLK ÁRSINS 2004

Sólveig Sigurðardóttir og Jón Ingi Þorvaldsson voru útnefnd karatekona og karatamaður ársins 2004. Þetta var í annað sinn sem Sólveig varð fyrir valinu en Jón Ingi hlaut þessa nafnbót þriðja árið í röð og var þetta einnig þriðja árið í röð sem Karatefélagið Þórshamar átti bæði karatekonu og karatemann ársins.

Sólveig varð unglíngameistari í sínum flokkum í bæði kata og kumite á árinu eins og mörg undanfarin ár og vann sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil í kata kvenna auk þess sem hún var í sigurliði Þórshamars í hópkata.

Hún vann bikarmeistaratitil KAÍ og var í sigurliði Þórshamars í liðakeppninni á Íslandsmótinu í kumite. Á erlendum vettvangi náði hún einnig góðum árangri en hún vann til bronzverðlauna í flokki 18-20 ára kvenna á alþjóðlegu kata móti í Stokkhólmi auk þess að vinna til tvennra bronzverðlauna á Bohemia Cup í Prag, í opnum flokki og liðakeppni kvenna.

Jón Ingi varð á árinu 2004 Íslandsmeistari í liðakeppni í Kata, Íslandsmeistari í -80 kg. flokki í kumite og liðakeppni í kumite. Auk þess varði hann Bikarmeistaratitil Karatesambands Íslands þriðja árið í röð og vann til tvennra verðlauna á alþjóðlega mótinu Bohemia Cup í Prag, bronzverðlaun í opnum flokki karla í kumite og silfurverðlaun í liðakeppni karla ásamt liði Dana.



Viðurkenningarnar voru veittar við hátíðlega athöfn 29.des. sl. og var meðfylgjandi mynd tekin við það tækifæri.

Við óskum Sólveigu og Jonna til hamingju með árangurinn og vonum að þessi viðurkenning verði þeim hvatning til enn frekari afreka.

## Þakkir

Undirritaður þakkar stjórninni innilega fyrir samstarfið á síðasta ári og þá sérstaklega Reinhardi fyrir ritarastörf og umsjón með heimasíðu KAÍ. Indriða fyrir að halda mótum gangandi, Jonna fyrir landsliðið og Gunnlaugi fyrir dómaramál.

Einnig vil benda á að aðildafélögin ásamt KAÍ hafa mjög góðar heimasíður ([www.kai.is](http://www.kai.is)). Mikill hluti af því sem hér er ritað er fengið frá heimasíðum KAÍ, KFR, Þórshamars og Breiðabliks.



Ólafur H. Wallevik  
Formaður KAÍ



## Nefndir

### *Aganefnd:*

Ásmundur Ísak Jónsson - formaður  
Grétar Örn Halldórsson  
Gunnlaugur Sigurðsson  
Magnús Kr. Eyjólfsson  
Vincente Carrasco

### *Dómaranefnd:*

Gunnlaugur Sigurðsson - formaður  
Reinharð Reinharðsson  
Magnús Kr. Eyjólfsson  
Helgi Jóhannesson - varamaður

### *Landsliðsnefnd:*

Halldór Svavarsson - formaður  
Jón Ingi Þorvaldsson  
Edda Lúvís Blöndal

### *Mótanefnd:*

Indriði Jónsson - formaður  
Pétur Ragnarsson  
Atli Steinn Guðmundsson

## ÆILDARFÉLÖG KAÍ

### Breiðablik

- Skrifstofa :** Dalsmári 5, 200 Kópavogur , Sími 510 6400, fax 554 0050
- Formaður:** Indriði Jónsson, Hlíðarhjalla 50, 200 Kópavogur,  
Hs.554 2321, Vs.440 4425, 844 4425, indridi.jonsson@glitnir.is,  
Fax 440 4401
- Gjaldkeri :** Hrefna Hauksdóttir, Dynsölum 2, 201 Kópavogi, Hs.660-5657

### Íþróttafélagið Fjölnir

- Skrifstofa :** Dalhúsum 2, 112 Reykjavík , Sími 567-2085, Fax 587-4584
- Formaður :** Willem Cornelis Verheul, s: 892-4218, wimtk@isl.is
- Gjaldkeri :** Marta Kristín Halldórsdóttir, s: 897-9137, Martha@eir.is
- Ritari :** Kristján Gaukur Kristjánsson, s: 821-3222, gaukur@maritech.is

### Íþróttafélagið Fylkir

- Skrifstofa :** Fylkisvegi 6, 110 Reykjavík , Sími 5676467, Fax. 5676091
- Formaður :** Jón Hákon Bjarnason, Næfurási 14, 110 Reykjavík ,  
Hs.567 9005 , Vs.896 3010
- Gjaldkeri :** Pétur Freyr Ragnarsson, Krúhólum 4, 111 Reykjavík ,  
Hs.587 0484 , Vs.698 4684

### Karatefélag Akraness

- Formaður :** Arnar Hjartarson, Skarðsbraut 3, 300 Akranes,  
S: 431 1834, 893 1834, arh@isor.is
- Gjaldkeri :** Ágústa Andrésdóttir, Lerkigrund 4, 300 Akranes,  
S. 431 1934, 899 1563, agustars@simnet.is

### Karatefélag Reykjavíkur

- Skrifstofa :** Laugardalslaug, 105 Reykjavík, kfr@simnet.is, Sími 553 5025
- Formaður :** Reinhard V Reinhardsson, Eyjabakka 20, 109 Reykjavík,  
reinhard@boksala.is, Hs.586 2646, 820 0722, Vs.570 0782,  
Fax 570 0778
- Gjaldkeri :** Bryndís Valbjarnardóttir, Ingólfsstræti 21b, 101 Reykjavík,  
bryndisv@isl.is

### Karatefélagið Þórshamar

- Skrifstofa :** Brautarholt 22, 105 Reykjavík, Sími 551-4003
- Formaður :** Jón Ingi Þorvaldsson, Laugavegi 139, 105 Reykjavík,  
S:6644333, jonni@this.is
- Gjaldkeri :** Sigríður Perla Thorsteinson, Vallarási 2, 110 Reykjavík,  
Hs.567 0197, Vs.567 7757

### Knattspyrnufélagið Haukar

- Formaður :** Gunnlaugur Sigurðsson, Suðurbraut 28, 220 Hafnarfjörður,  
Hs.565 5229, Vs.8967963
- Gjaldkeri :** Helgi Kuldeep Kumar, Fögrukinn 18, 220 Hafnarfjörður , Hs.8680984

### Knattspyrnufélagið Víkingur

- Skrifstofa :** Traðarlandi 1, 108 Reykjavík , Sími 5813245
- Formaður :** Pétur Steinn Guðmundsson,  
ps@hbl.is, petur@avis.is, 5880888, 8244004
- Gjaldkeri :** Jón Viðar Ásmundsson, Krummahólum 6, 111 Reykjavík ,  
Hs.587-1039 , Vs.847-1036, jonva@torg.is
- Ritari :** Hafþór Ólafsson,

### Umf. Afturelding

- Skrifstofa :** Sími 5667089
- Formaður :** Sigurbjörn Sveinsson, Dalatanga 11, 270 Mosfellsbæ.  
S. 566-7712, sibbi@taeknival.is
- Gjaldkeri :** Guðrún Ösp Sævarsdóttir, Lágiholti 7, 270 Mos.  
S. 566-7374, gosp@internet.is
- Ritari :** Halldóra J. Jónsdóttir, Esjugrund 29, 116 Reykjavík.  
S. 566-6009, bina@simnet.is

### Umf. Völsungur

- Formaður :** Jan Klitgaard, klitgaard@isl.is, Garðarsbraut 83, 640 Húsavík,  
S:4641078, 8617604

## MÓT ÁRIÐ 2004

*Karatesambandið stóð fyrir 9 mótum á árinu og í viðbót koma mót sem haldin eru af aðildarfélögunum. Allt í allt má áætla að fjöldi Karatemóta árið 2003 sé um fimmtán.*

*Reykjavíkumeistaramót barna og unglinga. Laugardaginn 11. desember 2004.*

*Reykjavíkumeistaramót. Laugardaginn 27. nóvember 2004.*

*Íslandsmeistaramót í kumite. Laugardaginn 6. nóvember 2004.*

*Unglingameistarmót í kumite. Sunnudaginn 31. október 2004.*

*Goju-Ryu Meistaramót. Sunnudaginn 4. apríl 2004.*

*Sænska bikarmótið í kata. Sunnudagurinn 25. mars 2004.*

*Íslandsmeistaramót í kata. Laugardagur 20. mars 2004.*

*Unglingameistaramót í kata. Laugardaginn 14. febrúar 2004.*

*Meistaramót barna í kata. Sunnudaginn 25. janúar 2004.*

### Meistaramót barna í Kata 2004

Meistaramót barna í Kata 2004 fór fram 25. janúar í Íþróttahúsi Breiðabliks, Smáranum, og hófst kl. 9.30.

Fjöldi keppenda var um 270 og er þetta lang fjölmennasta karatemót ársins. Meistaramót barna í kata er haldið í annað sinn í ár en var áður partur af Unglingameistaramótinu. Átta karatefélög og karatedeildir sendu keppendur á mótið. Aldur keppenda á Meistaramóti barna er 5-12 ára (f. 1991-1998). Eins og sjá má á keppendafjölda er karatestarf í miklum blóma um þessar mundir!

Að þessu sinni var reynt nýtt fyrirkomulag og var mótinu skipt í tvo hluta. Í fyrri hlutanum voru yfir 150 börn en í þeim seinni um 110. Keppt var á 4 völlum samtímis. Keppni 9-12 ára hófst kl. 9:45 og fyrri úrslit voru kl. 12:00. Keppni 8 ára og yngri hófst kl. 13:00 og seinni úrslit voru kl. 15:00. Sjá mátti margar góðar Kata og lögðu börnin sig öll fram í keppninni.

Sérstakar þakkir fá keppendur, dómarar, starfsmenn, liðsstjórar og foreldrar sem lögðust á eitt um að gera þetta að skemmtilegu móti og Karateíþróttinni til framdráttar.

Mótsstjóri var Indriði Jónsson, Breiðabliki og yfirdómarar Ólafur Wallevik og Helgi Jóhannesson. Fá þeir sérstakar þakkir frá mótanefnd KAÍ.

Karatefélag Reykjavíkur stóð uppi sem Barnameistari félaga í Kata árið 2004 með 35 stig og varði þar með titil sinn frá í fyrra. Gefin eru stig fyrir 1 - 3 sæti, 3, 2, og 1 stig en tvöfalt fyrir hópkata. Nöfn allra sem unnu til verðlauna má lesa hér fyrir neðan auk skiptingar verðlauna og heildarstiga félaga.

#### Úrslit urðu:

#### Kata barna fædd 1997 og 1998. (11 keppendur)

- |                             |            |
|-----------------------------|------------|
| 1. Elena Brynjarsdóttir     | Fylkir     |
| 2. Hera Björg Jörgensdóttir | Breiðablik |
| 3. Karen Tinna Karlsdóttir  | Víkingur   |

**Kata barna fædd 1996. (32 keppendur)**

1. Katrín Hrefna Karlsdóttir Víkingur
2. Davíð Þórir Reynaldsson Víkingur
3. Harald Sigurvin Þorsteinsson Víkingur

**Kata barna fædd 1995. (49 keppendur)**

1. Jovan Kujundzik Karatefélag Reykjavíkur
2. Sigurður Bessi Arnarsson Karatefélag Reykjavíkur
3. Vésteinn Þrymur Ólafsson Karatefélag Reykjavíkur

**Kata barna fædd 1994. (44 keppendur)**

1. Jason Vu Víkingur
2. Breki Bjarnason Þórshamar
3. Guðni Hrafn Pétursson Fulkir

**Kata barna fædd 1993. (51 keppandi)**

1. **Kristófer Ísak Karlsson Karatefélag Reykjavíkur**
2. Gunnhildur Grétarsdóttir Fylkir
3. Eggert Arnarson Fylkir

**Kata barna fædd 1992. (39 keppendur)**

1. Aron Þór Ragnarsson Þórshamar
2. Dagný Egilsdóttir Akranes
3. Thelma Rut Frímansdóttir Afturelding

**Kata barna fædd 1991. (38 keppandi)**

1. **Goði Ómarsson Karatefélag Reykjavíkur**
2. **Fanney Gunnarsdóttir Karatefélag Reykjavíkur**
3. **Aldís Tómasdóttir Karatefélag Reykjavíkur**

**Hópkata barna fædd 1995 og síðar. (14 lið)**

1. Sigurður Bessi Arnarsson, Jovan Kujundzik, Vésteinn Þrymur Ólafsson Karatefélag Reykjavíkur
2. Hans Patrekur Hansson, Heiðar Benediktsson, Lúðvík Már Matthíasson Breiðablik
3. Davíð Þórir Reynaldsson, Katrín Hrefna Karlsdóttir, Jason Vu Víkingur

**Hópkata barna fædd 1993 og 1994. (19 lið)**

1. Jónas Samsudín, Kristján Harðarson, Kristófer Ísak Karlsson Karatefélag Reykjavíkur
2. Hrafn Hlíðdal Þorvaldsson, Guðni Hrafn Pétursson, Elías Guðni Guðnason Fylkir
3. Egill Birnir Björnsson, Jónas Atli Gunnarsson, Karitas Sigurðardóttir Fylkir

**Hópkata barna fædd 1991 og 1992. (20 lið)**

1. Aldís Tómasdóttir, Fanney Gunnarsdóttir, Goði Ómarsson Karatefélag Reykjavíkur
2. Gunnhildur H. Grétarsdóttir, Jóhanna Brynjarsdóttir, Jóhanna Sverrisdóttir Fylkir
3. Guðmundur Heimisson, Snæbjörn Valur Ólafsson, Viktor Snær Sveinbjörnsson Karatefélag Reykjavíkur

### Verðlaun félaga:

	Gull	Silfur	Brons	Stig
Karatefélag Reykjavíkur	6	2	3	35
Fylkir	1	3	3	17
Víkingur	2	1	3	12
Breiðablik	0	2	0	6
Þórshamar	1	1	0	5
Akranes	0	1	0	2
Afturelding	0	0	1	1
Haukar	0	0	0	0

## Unglingameistaramót í Kata 2004

Unglingameistaramót í Kata 2004 fór fram laugardaginn 14. febrúar í íþróttahúsinu við Vesturgötu, Akranesi. Mótið hófst kl. 12.00 og lauk kl. 16.00. Um 90 keppendur tóku þátt í mótinu sem er nokkru meira en í fyrra. Nú var keppt í 4 aldursflokkum í kata og var tveim eldri flokkunum kynjaskipt, þannig að keppt var í 6 flokkum í kata og svo 3 flokkum í hópkata.

Yfirdómari á mótinu var Gunnlaugur Sigurðsson og yfirvallardómarar Ólafur Hreinsson og Jón Ingi Þorvaldsson. Auk þeirra voru 9 meðdómarar. Mótsstjóri var Indriði Jónsson.

Allir starfsmenn, dómarar, liðsstjórar, keppendur og síðast en ekki síst Karatefélag Akranes fá þakkar fyrir góða framkvæmd mótsins.

Karatefélagið Þórshamar stóð uppi með flest stig í lok mótsins og eru Unglingameistarar félaga í Kata 2004 en gefin eru stig fyrir 1 - 3 sæti, 3, 2, og 1 stig en tvöföld stig eru síðan veitt fyrir hópkata.

Nöfn allra sem unnu til verðlauna má lesa hér fyrir neðan auk skiptingar verðlauna og heildarstiga félaga.

### Úrslit urðu:

#### 1. Táningar fæddir 1990. (36 keppendur)

1. Jón Ingvi Seljeseth Þórshamar
2. Steinar Logi Helgason Þórshamar
3. Sigurður Hafsteinn Jónsson Karatefélag Reykjavíkur

#### 2. Táningar fæddir 1989. (18 keppendur)

1. Guðbjartur Ísak Ásgeirsson Haukar
2. Arnmundur Ernst Björnsson Karatefélag Reykjavíkur
3. Lilja Hlín Pétursdóttir Haukar

#### 3. Piltar fæddir 1987 og 1988. (15 keppendur)

1. Andri Bjartur Jakobsson Karatefélag Reykjavíkur
2. Tómas Lee Róbertsson Þórshamar
3. Arnar Pétursson Karatefélag Reykjavíkur



#### 4. Stúlkur fæddar 1987 og 1988. (6 keppendur)

1. María Helga Guðmundsdóttir Þórshamar
2. Ingibjörg Helga Arnþórsdóttir Þórshamar
3. Steinunn Ósk Axelsdóttir Þórshamar

#### 5. Piltar fæddir 1983 - 1986. (6 keppendur)

1. Anton Kaldal Ágústsson Karatefélag Reykjavíkur
2. Brynjar Aðalsteinsson Karatefélag Reykjavíkur
3. Margeir Stefánsson Þórshamar

#### 6. Stúlkur fæddar 1983 - 1986. (6 keppendur)

1. Sólveig Sigurðardóttir Þórshamar
2. Fríða Bogadóttir Þórshamar
3. Auður Olga Skúladóttir Þórshamar

#### 7. Hópkata táningar fæddir 1989 - 1990. (8 lið)

1. Guðbjartur, Lilja, Kristján Haukar
2. Hans, Hlynur, Steinar Breiðablik
3. Una, Guðrún, Ása Katrín Akranes

#### 8. Hóptata unglunga fæddir 1986 - 1988. (6 lið)

1. Pétur, Siguróli, Anton Karatefélag Reykjavíkur
2. Ingibjörg, María, Steinunn Þórshamar
3. Arnmundur, Andri, Arnar Karatefélag Reykjavíkur

#### 9. Hópkata juniora fæddir 1983 - 1985. (2 lið)

1. Auður, Margeir, Sólveig Þórshamar
2. Brynjar, Manúela, María Karatefélag Reykjavíkur

#### Verðlaun félaga:

	Gull	Silfur	Brons	Stig
Þórshamar	4	5	3	30
Karatefélag Reykjavíkur	3	3	3	24
Haukar	2	0	1	10
Breiðablik	0	1	0	4
Akranes	0	0	1	2

### Íslandsmeistaramót í Kata 2004

Íslandsmeistaramótið í Kata 2004 fór fram í dag laugardaginn 20. mars í Íþróttahúsi Hagaskóla. Keppt var í kata karla og kvenna og í liðakeppni í hópkata. Keppt var með útsláttarformi með uppreisn. Keppendur voru 14 í Kata-karla og 15 í Kata-kvenna. Þá voru 4 hópkatalið í kvennaflokki og 4 hópkatalið í karlaflokki.

Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson, Karatefélagi Reykjavíkur, varði Íslandsmeistaratitilinn í kata karla er hann sigraði Daníel Pétur Axelsson, Þórshamri. Sólveig Sigurðardóttir, Þórshamri, varð Íslandsmeistari í kata kvenna, en Edda L. Blöndal, Íslandsmeistari frá

Því í fyrra, sat í dómarasæti á þessu móti. A-lið Þórshamars í kvenna- og karlaflokkum sigruðu í hópkata.

Aðaldómari var Ólafur Wallevik og honum til aðstoðar, Ásmundur Ísak Jónsson, Gretar Örn Halldórsson, Gunnlaugur Sigurðsson, Halldór Svavarsson, Ólafur Helgi Hreinsson, Matthías B. Matthíasson, Árni Þór Jónsson, Edda Lovísa Blöndal og Reinharð Reinharðsson. Þórshamar fékk því 31 stig í stigakeppni félaga en Karatefélag Reykjavíkur 5.

### Heildarúrslit mótsins:

#### Kata kvenna

1. Sólveig Sigurðardóttir, Þórshamar
2. Auður Olga Skúladóttir, Þórshamar
3. María Helga Guðmundsd., Þórshamar
4. Manúela Magnúsdóttir, KFR

#### Kata karla

1. Vilhjálmur Svan Vilhjálmsón, KFR
2. Daníel Pétur Axelsson, Þórshamar
3. Jón Ingi Þorvaldsson, Þórshamar
4. Helgi Jóhannesson, Þórshamar

#### Hópkata kvenna

1. Þórshamar A - Auður, Bylgja og Sólveig
2. Þórshamar C - María, Steinunn og Ingibjörg
3. KFR B - María, Manúela og Krístrún
4. Þórshamar B - Ásta, Elín og Fríða

#### Hópkata karla

1. Þórshamar A - Daníel, Helgi og Jón Ingi
2. Þórshamar C - Davíð, Jón og Tómas
3. Þórshamar D - Arnar, Atli og Atli Steinn
4. KFR A - Brynjar, Arnar og Andri

#### Verðlaun félaga:

Gull Silfur Brons

Karatefélagið Þórshamar	3	4	3
Karatefélag Reykjavíkur	1		1

#### Heildarstig félaga:

Karatefélagið Þórshamar	31
Karatefélag Reykjavíkur	5

### Unglingameistaramót í Kumite 2004

Sunnudaginn 31. október var Unglingameistaramót í Kumite 2004 haldið í Íþróttahúsinu Varmá, Mosfellsbæ og hófst kl. 13.00. Sextíu og tveir keppendur voru

skráðir til keppni en það er nokkru meira en í fyrra. Unglingameistari félaga í kumite var karatefélagið Þórshamar en í öðru sæti urðu Víkingar og í því þriðja Karatefélag Reykjavíkur.

#### Úrslit urðu:

##### 1. Drengir fæddir 1991.

1. Birkir Ólafsson	Völsungur
2. Arnór Ingi Sigurðsson	Haukar
3. Leonis Zogu	Víkingur

##### 2. Drengir fæddir 1990.

1. Áslákur Ingvarsson	Þórshamar
2. Jón Ingvi Seljeseth	Þórshamar
3. Arnljótur Björnsson	Þórshamar

##### 3. Piltar fæddir 1989-1988.

1. Gunnar L. Nelson	KFR
2. Andri Bjartur Jakobsson	KFR
3. Andri Valur Guðjónsen	Víkingur

##### 4. Piltar fæddir 1987-1986.

1. Alvin Zogu	Víkingur
2. Tómas Lee	Þórshamar
3. Diego Björn Valencia	Víkingur

##### 6. Juniorar fæddir 1984 og 1985.

1. Tu Ngoc Vu	Víkingur
2. Brynjar Aðalsteinsson	KFR
3. Ómar Annisius	Völsungur

##### 8. Stúlkur fæddar 1988 og 1989.

1. Ingibjörg Helga Arnþórsdóttir	Þórshamar
2. María Helga Guðmundsdóttir	Þórshamar
3. Helena Montazeria	Víkingur

##### 9. Stúlkur fæddar 1984 til 1987.

1. Sólveig Sigurðardóttir	Þórshamar
2. Auður Olga Skúladóttir	Þórshamar
3. María Tómasdóttir	KFR

#### Verðlaun félaga:

	Gull	Silfur	Brons	Stig
Þórshamar	3	4	1	18
Víkingur	2	0	3	10
KFR	1	2	1	8
Völsungur	1	0	1	4
Haukar	0	1	0	2

## Íslandsmeistaramótið í kumite 2004

Íslandsmeistaramótinu í kumite var haldið í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði laugardaginn 6. nóvember 2004.

Mótið var fjölmennt, en rúmlega 40 keppendur tóku þátt og mátti sjá marga mjög spennandi bardaga.

Karatefélagið Þórshamar varð Íslandsmeistari félaga í kumite með flest stig eða 28, í öðru sæti urðu Karatefélag Reykjavíkur (KFR) með 10 stig og Víkingar í því þriðja með 9 stig.

Edda L. Blöndal, Þórshamri varði titla sína í öllum flokkum. Ingólfur Snorrason, Umf. Selfossi sigraði Jón Inga Þorvaldsson, Þórshamri í opnum flokki karla.

Úrslit í einstökum flokkum urðu sem hér segir:

### Kumite karla -65 kg

1.sæti Alvin Zogu	Víkingur
2.sæti Tu Ngoc Vu	Víkingur
3.sæti Gunnar Lúðvík Nelson	KFR
4.sæti Kristján Ó. Davíðsson	Haukar

### Kumite karla -70 kg

1.sæti Halldór Svavarsson	KFR
2.sæti Daníel Pétur Axelsson	Þórshamar
3.sæti Ari Sverrisson	Haukar
4.sæti	

### Kumite karla -75 kg

1.sæti Kostas Petrikas	Afturelding
2.sæti Pétur Orri Ragnarsson	KFR
3.sæti Sigurbjörn Jónsson	Haukar
4.sæti Bragi Þór Sigurðsson	KFR

### Kumite karla -80 kg

1.sæti Jón Ingi Þorvaldsson	Þórshamar
2.sæti Helgi Páll Svavarsson	KFR
3.sæti Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson	KFR
4.sæti Davíð Guðjónsson	Þórshamar

### Kumite karla +80 kg

1.sæti Ingólfur Snorrason	Umf. Selfoss
2.sæti Gilles Tasse	Afturelding
3.sæti Diego Björn Valencia	Víkingur
4.sæti Atli Steinn Guðmundsson	Þórshamar

### Kumite kvenna -57 kg

1.sæti Helena Montazeri	Víkingur
2.sæti Ingibjörg Arnþórsdóttir	Þórshamar
3.sæti	
4.sæti	

### Kumite kvenna +57 kg

1.sæti Edda L. Blöndal	Þórshamar
2.sæti Sólveig Sigurðardóttir	Þórshamar
3.sæti Auður Olga Skúladóttir	Þórshamar
4.sæti Björg Jónsdóttir	Breiðablik

### Opinn flokkur karla

1.sæti Ingólfur Snorrason	Umf. Selfoss
2.sæti Jón Ingi Þorvaldsson	Þórshamar
3.sæti Ólafur Hrafn Nilsen	Þórshamar
4.sæti Diego Björn Valencia	Víkingur

### Opinn flokkur kvenna

1.sæti Edda L. Blöndal	Þórshamar
2.sæti Auður Olga Skúladóttir	Þórshamar
3.sæti Sólveig Sigurðardóttir	Þórshamar
4.sæti Ingibjörg Helga Arnþórsdóttir	Þórshamar

### Liðakeppni karla

- 1.sæti Þórshamar A
- 2.sæti Haukar
- 3.sæti KFR A
- 4.sæti Fylkir

### Liðakeppni kvenna

- 1.sæti Þórshamar
- 2.sæti Breiðablik
- 3.sæti
- 4.sæti

### Heildarárangur einstakra félaga;

Félag	Gull	Silfur	Brons	Heildarstig
Þórshamar	5	5	3	34
Karatefélag Reykjavíkur	1	2	3	11
Víkingur	2	1	1	9
Umf. Selfoss	2			6
Haukar		1	2	6
Umf. Afturelding	1	1		5
Breiðablik		1		4
Fylkir				0

### Bikarkeppnin 2003-2004

Haldin voru fjögur bikarmót á vegum KAÍ veturinn 2003-2004. Sigurvegarar voru Sólveig Sigurðardóttir í kvennaflokki og Jón Ingi Þorvaldsson í karlaflokki. Endanleg staða eftir fjögur mót er:

#### Kvennaflokkur;

1. sæti Sólveig Sigurðardóttir Þórshamar 28 stig
2. sæti María Helga Guðmundsdóttir Þórshamar 23 stig
3. sæti Ingibjörg Helga Arnþórsdóttir Þórshamar 12 stig
4. sæti Eydís Línadal Finnbogadóttir, Akranesi 6 stig
- 5-6. sæti Edda Lúvísa Blöndal Þórshamar 5 stig
- 5-6. sæti Fjóla Þorgeirsdóttir KFR 5 stig
7. sæti Auður Olga Skúladóttir Þórshamar 1 stig

#### Karlaflokkur;

1. sæti Jón Ingi Þorvaldsson Þórshamar 30 stig
2. sæti Alvin Zogu Víkingur 16 stig
3. sæti Helgi Páll Svavarsson Fylkir 15 stig
4. sæti Diego Björn Valencia Víkingur 12 stig
5. sæti Kostas Petrikas Afturelding 10 stig
- 6-7. sæti Brynjar Aðalsteinsson KFR 9 stig
- 6-7. sæti Magnús Kr. Eyjólfsson Breiðablik 9 stig
8. sæti Reynir Hólm Aftureldingu 7 stig
9. sæti Daníel P. Axelsson Þórshamar 6 stig
10. sæti Andri Már Sigurðsson KFR 3 stig
- 11-15 sæti Gunnar Lúðvík Nelson KFR 2 stig
- 11-15 sæti Magnús D Baldvinsson Víkingur 2 stig
- 11-15 sæti Gillch Tasse Aftureldingu 2 stig
- 11-15 sæti Andri Sveinsson Fylkir 2 stig
- 11-15 sæti Haukur Páll Jónsson ? 2 Stig
16. sæti Finnur Þorgeirsson KFR 1 stig

## KARATEMAÐUR ÁRSINS

Karatemaður ársins hefur verið valinn síðan 1985 en frá 1998 hefur verið valinn karatemaður og karatekona ársins.

Ár	Nafn	Félag		Nafn	Félag
1985	Árni Einarsson	KFR			
1986	Árni Einarsson	KFR			
1987	Árni Einarsson	KFR			
1988	Sigurjón Gunnsteinsson	KFR			
1989	Halldór Svavarsson	KFR			
1990	Ómar Ívarsson	KFR			
1991	Halldór Svavarsson	KFR			
1992	Jónína Olesen	KFR			
1993	Ásmundur Ísak Jónsson	Þórshamar			
1994	Halldór Svavarsson	KFR			
1995	Hjalti Ólafsson	Þórshamar			
1996	Halldór Svavarsson	KFR			
1997	Halldór Svavarsson	KFR			
	<b>Nafn</b>	<b>Félag</b>		<b>Nafn</b>	<b>Félag</b>
1998	Ingólfur Snorrason	Fylkir		Edda L. Blöndal	Þórshamar
1999	Ingólfur Snorrason	Fylkir		Edda L. Blöndal	Þórshamar
2000	Ingólfur Snorrason	Fylkir		Edda L. Blöndal	Þórshamar
2001	Ingólfur Snorrason	Fylkir		Sólveig Sigurðardóttir	Þórshamar
2002	Jón Ingi Þorvaldsson	Þórshamar		Edda L. Blöndal	Þórshamar
2003	Jón Ingi Þorvaldsson	Þórshamar		Edda L. Blöndal	Þórshamar
2004	Jón Ingi Þorvaldsson	Þórshamar		Sólveig Sigurðardóttir	Þórshamar



## LÖG KARATESAMBANDS ÍSLANDS

1. gr. Karatesamband Íslands (KAÍ) er æðsti aðili um öll karatemál innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ).
2. gr. Karatesamband Íslands er samband héraðssambanda, sem hafa iðkun karate innan sinna vébanda.
3. gr. Starf KAÍ er í meginatriðum:
  - a) Að hafa yfirumsjón allra íslenskra karatemála.
  - b) Að vinna að eflingu karateíþróttainnarr í landinu og koma fram erlendis fyrir hönd hennar.
4. gr. Málefnum KAÍ stjórna:
  - a) Karateþing.
  - b) Stjórn KAÍ.
5. gr. Karateþing fer með æðsta vald í málefnum KAÍ. Þingið sitja fulltúar frá þeim aðilum, sem mynda KAÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra iðkenda karate í aðildarfélagum, þannig að fyrir allt að 25 menn koma 2 fulltúar og síðan tveir í viðbót fyrir næstu 25 eða brot úr 25 upp í allt að 75 iðkendum og þá 1 fulltúi fyrir næstu 25 eða brot úr 25 upp í 100 iðkendum, en síðan 1 fulltrúi fyrir næstu 50 eða brot úr 50 upp í 200, en síðan 1 fyrir hverja hundrað eða brot úr hundrað upp í 500, en loks 1 fulltrúi fyrir hverja 200 eða brot úr 200 eftir það. Félög, sem ekki hafa skráða iðkendum fá 2 fulltrúa á ársþingi, ef vottorð frá viðkomandi héraðssambandi staðfestir að karate er sannanlega iðkað í félaginu, eða deild ef sams konar vottorð kemur frá félagsstjórninni. Þingið skal árlega haldið í janúar eða febrúar. Skal boða það bréflaga með minnst 2ja mánaða fyrirvara. Málefni, sem sambandsaðilar óska, að tekin verði fyrir á þinginu, skal tilkynna stjórn KAÍ minnst 21 degi fyrir þingið.

Þá skal stjórn KAÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum, sem borist hafa, í síðasta lagi 14 dögum fyrir þingið, sem síðari fundarboð. Karateþing er lögmætt, ef löglega er til þess boðað.
6. gr. Á karateþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:
  - a. Stjórn KAÍ, varastjórn og endurskoðendur.
  - b. Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
  - c. Fastráðnir starfsmenn KAÍ og ÍSÍ.
  - d. Fulltrúar karatedómarafélaga.
  - e. Allir nefndarmenn KAÍ.
  - f. Auk þess getur stjórn KAÍ boðið öðrum aðilum þingsetu, ef hún telur ástæðu til.

Aðeins sá, sem eru í félagi, sem hefur karateiðkun á stefnuskrá sinni innan héraðssambands er kjörgengur fulltrúi þess á karateþingi. Hver fulltrúi hefur aðeins 1 atkvæði.

Þegar langt eða dýrt er að sækja þingið eða annar fulltrúi veikist eða forfallast á síðustu stundu frá því að sækja þingið, þá má heimila, að fulltrúi fari með fleiri en 1 atkvæði, en aðeins með atkvæði þess aðila, sérráðs eða héraðssambands, sem hann er fulltúi fyrir. Þó gildir þessi undanþága ekki um fulltrúa þeirra aðila, sem eiga heima þar sem þingið er háð. Umboð, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila. Enginn þingfulltúi getur farið með fleiri en 2 atkvæði.

7. gr. Aukaping má halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Boðunarfrestur til aukapings skal vera 2 vikur. Fulltúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa, sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraðinu eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða er hætt störfum af öðrum sökum. Að öðru leiti gilda sömu reglur og um reglulegt karateþing.

8. gr. Störf karateþings eru:

1. Þingsetning.
2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.
3. Kosnar fastar nefndir:
  - a. Kjörbréfanefnd.
  - b. Fjárlaganefnd.
  - c. Laga- og leikreglnanefnd.
  - d. Allsherjarnefnd.
  - e. Kjörnefnd.Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær, sem fram hafa komið.
8. Lagðar fram aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.
9. Málum og tillögum vísað til nefnda til umfjöllunar.

- Þ I N G H L É -

10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
11. Önnur mál.
12. Kosning stjórnar, varastjórnar og endurskoðenda.
13. Kjörnir 5 menn í aganefnd og 3 til vara.
14. Val fulltrúa á Íþróttaping.
15. Þingslit.

Fái fleiri en þeir, sem kjósa á, jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa. Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa, leyft að taka fyrir mál, sem komið hafa fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (skv. 5. gr. 3. mgr.).

Ársskýrslu KAÍ, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið svo og ágríp af þinggerð þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum KAÍ innan tveggja mánuða frá þingslitum.

9. gr. Stjórn KAÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins á milli þinga. Stjórn KAÍ skipa 5 menn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst, síðan meðstjórnendur, sem skipta með sér störfum. Kjósa skal 3 menn í varastjórn og taka þeir sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast og koma inn í sömu röð og þeir voru kosnir.

Stjórn KAÍ skal strax að loknu ársþingi skipa eftirtaldar nefndir:

Mótanefnd KAÍ og landsliðsnefnd KAÍ.

Hvor nefnd skal skipuð minnst þremur mönnum. Stjórn KAÍ skal boða formenn nefnda á stjórnarfund þegar þurfa þykir eða formenn nefnda óska þess. Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnar er í Reykjavík. Reikningsár KAÍ miðast við almanaksárið.

10. gr. Starfssvið stjórnar KAÍ er:
  - a) Að framkvæma ályktanir karateþings.
  - b) Að vinna að eflingu karate í landinu.
  - c) Að semja leikreglur og reglugerðir fyrir karate.
  - d) Að senda sambandsstjórn og framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
  - e) Að líta eftir því að lög og leikreglur KAÍ séu haldnar.
  - f) Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
  - g) Að raða niður og ákveða stað og tíma landsmóta. Það skal KAÍ að jafnaði gera fyrir hver áramót og þá í samráði við stórnir sérráða (héraðsstjórna) og framkvæmdastjórn ÍSÍ.
  - h) Að útluta þeim styrkjum til karate, sem KAÍ fær til umráða.
  - i) Að koma fram erlendis fyrir hönd karateíþróttarinnar í landinu.
  - j) Að tilkynna með hæfilegum fyrirvara framkvæmdastjórn ÍSÍ áætlanir sínar og ákvarðanir um samskipti við útlönd.
11. gr. Formaður KAÍ boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim.
12. gr. Héraðssamböndin eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar KAÍ. Þau skulu og senda henni skýrslur um mót, sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendar innan mánuðar, eftir að mótinu lýkur. Ársskýrslur sínar um störf héraðssambands og tölu virkra karatemanna í umdæminu skulu þau senda stjórn KAÍ fyrir 1. júní ár hvert. Á þeim byggist fulltrúaréttur og fulltrúafjöldi þeirra á karateþingi. (sbr. 5. gr.).
13. gr. Dómsmál vegna málaferla KAÍ skulu rekin fyrir dómstólum ÍSÍ.
14. gr. Kærur skulu vera skriflegar og skal kærán eða tilkynning um hana hafa borist dómstól innan tveggja sólarhringa frá því að hið kærða atvik átti sér stað. Sé kærán póstlögð skal það tilkynnt sérstaklega með staðfestu símskeyti. Dómfesta skal mál innan 7 daga frá því að kæra berst dómstól. Þá skal liggja fyrir rökstuðningur kæru, að öðrum kosti telst kærán ógild. Vísi dómstóll kæru frá vegna formgalla skal kærandi eiga þess kost að kæra að nýju innan tveggja sólarhringa frá því að honum er birtur úrskurðurinn. Úrskurðir og dómar dómstól KAÍ skulu birtir í staðfestu símskeyti eða ábyrgðarbréfi.
15. gr. KAÍ skal, í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd, vinna að stofnun nýrra sérráða.
16. gr. Stjórn KAÍ hefur frjálstan aðgang að öllum karatemótum og sýningum, sem fram fara innan vébanda KAÍ. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómarafélaga og héraðssamband, sem eru aðilar að sambandinu.
17. gr. Tillögur um að leggja KAÍ niður má aðeins taka fyrir á lögsmætu karateþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu, þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerðinni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulega þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur, er það fullgild ákvörðun um að leggja KAÍ niður. Skal þá afhenda ÍSÍ eignir KAÍ til varðveislu.
18. gr. Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur samþykkt þau.

## REKSTRAR- OG EFNAHAGSREIKNINGUR

Endurskoðaðir reikningar verða lagðir fram á þingi og því er reikningarnir lagðir fram hér með fyrirvara.

### Rekstrarreikningur KAÍ 1/1-31/12 2004

Tekjur	Skýring	1/1-31/12/04	1/1-31/12/03	breyting %
11000	Framlög og styrkir	2.362.471	2.123.479	11,3%
	Árgjöld aðildarféлага	257.600	256.400	0,5%
15000	Tekjur af mótum	350.100	392.900	-11%
22000	Aðrar tekjur	187.038	15.996	1069%
<b>Tekjur alls</b>		<b>3.157.209</b>	<b>2.788.775</b>	<b>13,2%</b>
<b>Gjöld</b>				
40000	Landslið	1.656.083	1.347.946	22,9%
45000	Kostnaður við mótahald	541.229	476.348	13,6%
53000	Rekstur skrifstofu	123.596	205.001	-39,7%
56000	Námskeið	266.639	-	100,0%
65000	Önnur gjöld	948.600	285.444	232,3%
<b>Rekstrargjöld alls</b>		<b>3.536.147</b>	<b>2.314.739</b>	<b>52,8%</b>
Hagnaður/Tap f. afskriftir		-	474.036	-179,9%
<b>Afskriftir alls</b>		<b>-</b>		
Hagnaður/Tap		-	<b>474.036</b>	<b>-179,9%</b>

Reikning þennan hef ég samið eftir hjálögðum gögnum ársins 2004

Reykjavík, 14. mars 2005

Indriði Jónsson, gjaldkeri KAÍ

Skýringar við rekstrarreikning	
<b>1 Tekjur af mótum</b>	
ÍM-Kumite	30.800
ÍM-KATA	24.500
Bikamótaröð	-
UM-Kumite	37.200
UM-KATA	65.100
MB-KATA	192.500
Annar kostn. v/móta	
	<b>350.100</b>
<b>2 Aðrar tekjur</b>	
Landskeppni miðasala	85.500
Uppskeruhátið miðasala	62.500
Vextir	37.538
Innheimtugjöld	1.500
	<b>187.038</b>
<b>3 Landslið</b>	
Árgjöld	210.415
Landslið	793.572
Unglingalandslið	210.720
Landsliðsþjálfari	441.376
	<b>1.656.083</b>
<b>5 Rekstur skrifstofu</b>	
Kynningarmál	118.773
Landskeppni	642.570
Húsaleiga	95.460
Kaffítería	64.760
Uppskeruhátið	115.540
Önnur gjöld	30.270
	<b>1.067.373</b>

## Efnahagsreikningur 31/12/2004

EIGNIR	31.12.2004
85000Veltufjármunir	-
85100Skrifstofubúnaður	-
85200Tatami	-
<hr/>	
<i>Skammtímakröfur</i>	
Inneign hjá félögum v/2001	4.000
Inneign hjá félögum v/2003	16.800
Inneign hjá félögum v/2004	195.700
88300Inneign hjá ÍSl v/Lottó	120.773
88301Inneign hjá ÍSl v/útbr. 2004	112.530
Inneign hjá ÍSl v/Sensei Linda	75.000
Inneign hjá ÍSl v/ þjálfarastyrks	200.000
<i>Skammtímakröfur alls</i>	<u>724.803</u>
88000 <i>Handbært fé</i>	
88200Tékkareikningur 0313-26-5103	79.884
Tékkareikningur 0515-26-5103	174.200
Verðbréfareikningur 0313-800464	718.806
Sparireikningur 515-14-104863	700.000
<i>Handbært fé alls</i>	<u>1.672.890</u>
<b>89999Eignir alls</b>	<b><u>2.397.693</u></b>
<hr/>	
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ</b>	
91000Eigið fé 31/12/03	2.599.941
Hagnaður/tap	- 378.938
Eigið fé 31/12/04	<u>2.221.003</u>
92003Skammtímaskuldir	176.690
<b>99999Skuldir og eigið fé alls</b>	<b><u>2.397.693</u></b>

Við kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið ársreikning Karatesambands Íslands (KAÍ) og ekkert fundið athugavert og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 15. mars 2005

Helgi Jóhannesson

Jón Ingi Þorvaldsson